

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 1200/2018, um heimilisuppbót og uppbætur á lífeyri.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað „956.784 kr.“ í 1. másl. 2. mgr. kemur: 1.010.364 kr.
- b. Í stað „775.152 kr.“ í 1. másl. 3. mgr. kemur: 818.556 kr.

2. gr.

Í stað „3.562.652 kr.“ í 11. gr. reglugerðarinnar kemur: 3.762.270 kr.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað „399.034 kr.“ í 1. másl. 2. mgr. kemur: 421.380 kr.
- b. Í stað „317.356 kr.“ í 2. másl. 2. mgr. kemur: 335.128 kr.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 6. mgr. 9. gr., sbr. 14. gr., laga nr. 99/2007, um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, sbr. einnig 63. gr. laga nr. 100/2007, um almannatryggingar, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 2024.

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu, 18. desember 2023.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson.

Jóna Guðný Eyjólfsdóttir.